| Kennari | Hörður Óskarsson-Stefán finnbogason-Kristján Þ Kristinsson | Sk.st. | HSK-STF-KÞK |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Nemendur læra að umgangast gashylki, logsuðu, logskurðartæki og plasmaskurðarvélar. Þeir læra að fylgja suðulýsingu, logsjóða plötujárn í suðustöðum PA, PC og PF með I-rauf. Þeir eiga geta lóðað og logskorið fríhendis og kunna að bregðast rétt við ef hættu ber að höndum svo sem:
Brunahætta vegna loga og neistaflugs. Sprengihætta vegna áhrifa acetýlens á eir og súrefnis á olíu og feiti. Spengihætta vegna íláta sem innihalda eða hafa innihaldið eldfim efni. Undirstöðuatriði heilsuverndar Hlífðarfatnaður og hlífar.

## Markmið:

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Gashylkjum, meðferð þeirra við geymslu og flutning. Litamerkingar þeirra og fragang topploka
- Notkunarsviði acetýlens og súrefnis
- Suðuloga, blöndu hans og hitastigi
- Áhrif kolandi loga, súrefnisríks og hlutlauss loga á suðupollinn
- Gerðir raufa og samsetningar og áhrif þeirra á spennu
- Ástæðum þess að ekki sé hægt að logskera alla málma
- Virkni lóða og lóðdufts
- Staðlinum ÍST EN 287-1 um hæfnispróf
- Staðlinum ÍST EN 5 817 um mat á suðum og suðugalla

**Leikniviðmið**
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota suðulóð og lóðduft
- Stilla réttan vinnuþrýsting og velja suðuspíssa samkvæmt efnisþykkt
- Setja upp mæla á hylki, slöngur og sköft
- Sjóða 1-3 mm plötustál með I-rauf í PA, PF og PC

**Hæfniviðmið**
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sjóða stúfsuðu í plötu í stöðum PA, PC, og PF
- Stilla suðutæki í samræmi við notkun
- Velja réttan vinnuþrýsting og velja suðuspíssa samkvæmt efnisþykkt

## Námsgögn:

Logsuða-Útgefandi Iðan fræðslusetur útg. 2007.Málmsmíði. Kennslubók frá IÐNÚ. Útg.2011.Handbækur frá AGA. Myndband: Öryggi við logsuðu og logskurð

## Áætlun um yfirferð:

| Kennslu-vika | Yfirferð og verkefni | Efni |
|---|---|---|
| 1 | Farið yfir kennsluáætlun. Sýning á myndbandi frá AGA. „Öryggi við logsuðu og logskurð." Farið í gegnum uppbyggingu, umgengni og öryggismál varðandi vinnu með Acetylene og Oxygen kúta, eða m.ö.o. gas og súr. | |
| 2 | Logsuða og logskurður.  Nemendum kennt að tengja flöskurnar, kveikja á tækjunum og stilla logann. Efnað niður í vekefni og byrjað að logsjóða *verkefni 1*. | |
| 3 | Logsuða og logskurður. Nemendum skipt í hópa þar sem annar hópurinn vinnur í logsuðuverkefni 1 og hinn í logskurðarverkefni 1. | |
| 4 | Logsuða og logskurður. Nemendum skipt í hópa þar sem annar hópurinn vinnur í logsuðuverkefni 1 og hinn í logskurðarverkefni 1. | |
| 5 | Logsuða og logskurður. Nemendum skipt í hópa þar sem annar hópurinn vinnur í logsuðuverkefni 1 og hinn í logskurðarverkefni 1. | |
| 6 - 7 | Logsuða. Allir nemendur æfa logsuðuverkefni 1 og taka áfangapróf 1sem gildir til lokaeinkunnar. | |
| 8 | Logsuða og logskurður. Nemendum skipt í hópa þar sem annar hópurinn vinnur í logsuðuverkefni og hinn í logskurðarverkefni. Fyrsti logskurðarhópurinn skilar logskurðarverkefni 1. Stúfsuða PA | |
| 9 | Logsuða og logskurður. Nemendum skipt í hópa þar sem annar hópurinn vinnur í logsuðuverkefni og hinn í logskurðarverkefni. Annar logskurðarhópurinn skilar logskurðarverkefni 1.Stúfsuða PA | |
| 10 | Logsuða og logskurður. Nemendum skipt í hópa þar sem annar hópurinn vinnur í logsuðuverkefni og hinn í logskurðarverkefni. Þriðji logskurðarhópurinn skilar logskurðarverkefni 1. Stúfsuða PA | |
| 11 | Logsuða. Nemendum skipt í hópa þar sem annar hópurinn vinnur í logsuðuverkefni og hinn í logskurðarverkefni. Stúfsuða PC-PF | |
| 12 | Logsuða. Nemendum skipt í hópa þar sem annar hópurinn vinnur í logsuðuverkefni og hinn í logskurðarverkefni. Stúfsuða PC-PF | |
| 13 | Logsuða. Nemendum skipt í t hópa þar sem annar hópurinn vinnur í logsuðuverkefni og hinn í logskurðarverkefni. Stúfsuða PC-PF | |
| 14-15 | Logsuða. Nemendur taka annarpróf 2 (stúfsuða PA-PC-PF) sem gildir til lokaeinkunnar. Koparkveiking. Farið yfir hitun, þráð og hreinsiduft (flux), kynntar | |

| | | |
|---|---|---|
| | koparkveikingar. | |

**Verkefni:** Sjá vikuáætlun.

## Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| **Frammistaða á önn** | Annarstarf og áfangapróf: Hvert og eitt verkefni gildir til jafns við þann tíma sem ætlaður er í verkefnið, þannig fæst 90% af vetrareinkunninni. Lokaeinkunn fæst síðan með því að bæta við einkunn fyrir frágang og umgengni sem gefa hver um sig 5%. *ATH: Mæti nemandi ekki í próf sem tekin eru á önninn fær hann þann þátt ekki metinn til lokaeinkunnar.* | 75% |
| **Verklegt** | Verklegt próf í lok áfangans. | 25% |
| Leyfð hjálpargögn í prófi | Öll almenn suðu- og smíðatól. | |

**Reiknitafla fyrir námsmat:**

| LSU 102 | | | | | | | | | | Próf | | | | Einkunn | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Þríh. | | Plötusuða | | | | | | | | | | | | |
| **Aðferð** | **Bræðsla 15%** | **Rendur 15%** | **PA 15%** | **PF 15%** | **PC 15%** | **Skurður 15%** | **Frágangur 5%** | **Umgengni 5%** | **Vetrareinkunn 75%** | **Bræðsla** | **Stúfsuða** | **Gegnumsuða** | **Prófeinkunn 25%** | **Samtals** | **Lokaeinkunn 100%** |

**Annað:**

- Í upphafi tíma er gjarnan farið yfir verkefni dagsins og aðra mikilvæga þætti viðkomandi náminu. Það er því áríðandi að nemandi mæti á réttum tíma svo komast megi hjá óþarfa endurtekningum.
- Ef nemandi yfirgefur verkstæði áður en tiltekt lýkur eða tekur ekki þátt í frágangi fær hann F (fjarvist) fyrir síðustu kennslustund.
- Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður “tuskudagur” þar sem hver áfangi tekur þátt í að þrífa vélar, tæki og verkstæði.

## Dagsetning:

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**